



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 26/2019

**Heildsölugjaldskrá Mílu fyrir 100 Gb/s
Hraðbrautarsambönd á markaði fyrir
stofnlínuhluta leigulína**

(áður markaður 14)

Málsnúmer: 2019090028

19. nóvember 2019

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur	3
2	Athugasemdir úr innanlandssamráði.....	3
2.1	Athugasemdir Farice.....	3
2.2	Andsvör Mílu.....	3
2.3	Afstaða PFS	4
3	Ákvörðun PFS nr. 21/2015	4
4	Ákvörðun PFS nr. 8/2018	5
5	Bréfaskipti milli PFS og Mílu.....	5
6	Niðurstaða PFS	6
6.1	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)	6
6.2	Útreikningar á kostnaði 100 Gb/s Hraðbrauta.....	6
6.3	Afstaða PFS	7
6.4	Niðurstaða um gjaldskrá fyrir Hraðbrautir	7



1 Inngangur

- 1) Gjaldskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015.
- 2) Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyra markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína sem er markaður nr. 14 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004.
- 3) PFS samþykkir beiðni Mílu um að bæta við 100 Gb/s Hraðbrautarsambandi til gagnavers á Blönduósi og ný heildsöluverð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd. Verð fyrir 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd verða óbreytt.
- 4) PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 26. september 2019 og lauk því þann 10. október sl. Athugasemdir bárust frá Farice. Í kafla 2 er fjallað um athugasemdirnar frá Farice og andsvör Mílu.
- 5) PFS sendi stutta tilkynningu (e. short notification) til ESA til samráðs á EES-svæðinu þann 16. október sl., sbr. c-lið 6. málsgreinar tilmæla ESA um tilkynningar, tímafresti og samráð frá 2. desember 2009, ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 15. nóvember sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. ESA gerði engar athugasemdir við áform PFS í ákvörðunardrögum sínum sem lýst var í tilkynningu PFS til ESA.
- 6) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til fyrirhugaðrar niðurstöðu PFS.

2 Athugasemdir úr innanlandssamráði

2.1 Athugasemdir Farice

- 7) Í athugasemdum sínum benti Farice á að verðið, 848.000 kr., fyrir lengri vegalengdir (yfir 100 km) samsvari um € 6.100 á mánuði. Farice selji gagnaverum sambönd til útlanda og sala á 100 Gb/s væri hafin og muni færast mjög í aukana. Farice benti jafnframt á að verð fyrir 100 Gb/s sambönd hafi hrunið erlendis og megi fá slík sambönd fyrir € 2.000 á mánuði milli svæða í Evrópu (t.d. Amsterdam – London). Verðið sem hér væri kynnt væri ekki líklegt til að gera gagnaverið samkeppnishæft þegar við bættist kostnaður við að fara frá afhendingarstað Farice til afhendingarstaðar erlendis. Verð á DWDM búnaði til að bjóða sambönd sem þessi lækki einnig stöðugt og ætti að leiða til verðlækkana á hverju ári. Þess í stað væri boðuð 4% verðhækkun á 100 Gb/s bylgjum fyrir minna en 50 km vegalengd. Tillagan væri ekki hagstæð þeim sem hyggja á byggingu gagnavera utan nærsvæðis afhendingastaða Farice.

2.2 Andsvör Mílu

- 8) Í andsvörum sínum bendir Míla á að samanburður á verði á 100 Gb/s tengingu milli Reykjavíkur og Blönduóss annars vegar London og Amsterdam hins vegar sé hvorki eðlilegur né góður samanburður við sambandaverðskrá Mílu. Mikill munur væri á þessum markaðssvæðum bæði hvað varðar nýtingu og fjölda viðskiptavina og kostnað við fjárfestingar. Ísland væri tiltölulega stórt land með fáa íbúa og því væri eðlilegt að lagning og rekstur strengja og búnaðar væri hlutfallslega mun dýrari en í Evrópu.
- 9) Verð fjarskiptatenginga ráðist af tilkostnaði við að búa til þjónustuna ásamt væntum tekjum. Ef lækka eigi gjald á fjarskiptatengingum til gagnavera á Íslandi, óháð staðsetningu,



verði það ekki gert eingöngu gegnum gjaldskrá Mílu. Þá þurfi hið opinbera að koma að því á einn eða annan hátt, t.d. með lækkun gjalds hjá ríkisfélaginu Farice. Kostnaður sambanda hjá Mílu byggist mest á kostnaði við ljósleiðara, og sá kostnaður aukist með lengd ljósleiðarans. Þótt verð fyrir búnað hafi vissulega lækkað hafi það ekki afgerandi áhrif á verðið á samböndunum. Til að lækka kostnaðinn á hverja tengingu myndu aukin viðskipti (fleiri hraðbrautartengingar á staðinn) hafa mikil áhrif. Takist að byggja upp mikil viðskipti við gagnaver á Blönduósi muni það væntanlega geta lækkað kostnað við hvert samband.

10) Að mati Mílu byggir staðarval gagnavera á mörgum þáttum, t.d. kostnaði við raforku, byggingarkostnað og fjarskiptakostnað. Því byggi samkeppnishæfi gagnavers ekki eingöngu á verði fjarskiptatenginga heldur samspili fjölmargra þátta. Byggingarkostnaður, rafmagnsverð og verð á þjónustu í gagnaverinu hafi þannig mikið að segja og þá séu ekki öll gagnaver eða viðskiptavinir gagnavera með sömu kröfu til fjarskipta. Nokkuð ljóst sé að gagnaver á Blönduósi geti seint keppt við gagnaver í eða við London eða Amsterdam í verði á fjarskiptatengingum eins og staðan er í dag. Hins vegar geti slíkt gagnaver líklega boðið betur í öðrum þáttum s.s. rafmagni, kostnaði við land o.fl. Gera verði ráð fyrir að þeir sem byggi gagnaver á Blönduósi þekki allar þessar forsendur og hafi tekið þær með í sína útreikninga.

2.3 Afstaða PFS

11) Eins og fram kemur í kafla 6.2 byggja útreikningar á verði fyrir Hraðbrautir á kostnaði við búnað, ljósleiðara, húsaleigu og öðrum kostnaði vegna uppsetningar. Í Hraðbraut til gagnavers á Blönduósi er kostnaður vegna ljósleiðara mjög stór þáttur í heildarkostnaði þar sem verðið fyrir ljósleiðara í stofnneti er km háður. Ekki er verið að breyta gjaldskrá fyrir aðgang að ljósleiðara í stofnneti í þessari ákvörðun og því byggir kostnaður við Hraðbrautir á fyrirbyggjandi gjaldskrá Mílu.

12) Hingað til hafa Hraðbrautir eingöngu verið í boði fyrir styttri vegalengdir en nú hefur Míla ákveðið að bjóða þessa Hraðbraut til Blönduóss og þá verður ekki hjá því komist að taka tillit til vegalengdar við ákvörðun verðs. Þeir útreikningar sem þessar breytingar á gjaldskrá Mílu byggja á eru í samræmi við fyrri framkvæmd við útreikninga á gjaldskrá fyrir stofnlínur og Hraðbrautir.

13) PFS gerir ekki athugasemd við þá útreikninga sem leiddu til niðurstöðu Mílu um verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautir. Á meðan að verð fyrir ljósleiðara í stofnneti lækkar ekki eða að seldum Hraðbrautum fjölgi er ekki fyrirséð að niðurstaðan úr þessum útreikningum breytist að verulegu leyti.

3 Ákvörðun PFS nr. 21/2015

14) Með ákvörðun PFS nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

15) Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að gjaldskrá vegna heildsöluþjónustu fyrir stofnlínuhluta leigulína fyrirtækisins væri kostnaðarviðmiðuð. Samkvæmt ákvörðuninni falla Hraðbrautir undir verðkvöð Mílu á þessum markaði. Við ákvörðun verðs fyrir stofnlínuhluta leigulína skal beita kostnaðargreiningaraðferð sem byggir á sögulegum kostnaði sem er heimfærður á viðkomandi þjónustur (HCA FAC). Þó skal taka mið af endurstofnverði rekstrarfjármuna við mat á fjárfestingarstofni.



16) Við framkvæmd kostnaðargreiningar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu.

4 Ákvörðun PFS nr. 8/2018

17) Núverandi verðskrá fyrir Hraðbrautarsambönd voru ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 8/2018, dags. 29. maí 2018, um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir stofnlínuhluta leigulína.

18) Heildsölugjaldskrá Mílu var ákvörðuð í samræmi við niðurstöðu kostnaðargreiningar Mílu. Eftirfarandi gjaldskrá er nú í gildi:

Mánaðarverð fyrir Hraðbrautarsambönd

Gagnaflutnings- hraði	Mánaðarverð (kr.)
1 Gb/s	63.791
10 Gb/s	105.830
100 Gb/s	409.026

Stofngjald er 107.000 kr. á tengingu.

5 Bréfaskipti milli PFS og Mílu

19) Þann 6. september 2019 lagði Míla fram ósk um að bæta við framboð sitt á Hraðbrautarsamböndum. Fram kom hjá Mílu að eftirspurn hefði myndast á 100 Gb/s sambandi frá Reykjavík til gagnavers á Blönduósi. Um væri að ræða fasta tengingu enda í enda eins og um væri að ræða almennt á Hraðbrautum Mílu. Því teldi Míla eðlilegast að miða verðskrána við verðskrá Hraðbrautar. Auk þess væri Hraðbrautin sérsniðin að þjónustu við gagnaver. Hraðbraut til Blönduóss væri þó frábrugðin að því leiti að samnýta þyrfti innviði á landshring Mílu til þess að hægt væri að afhenda þessa þjónustu.

20) Einnig kom fram hjá Mílu að núverandi verðskrá miði við vegalengdir að hámarki tæplega 50 km til Keflavíkur. Leiðin til Blönduóss væri mun lengri eða 186 km m.v. beinlínuvegalengd. Míla teldi því eðlilegt að hafa verðskrána hærri fyrir lengri vegalengdir. Verðskrá fyrir Ethernet gerði ráð fyrir að verð fyrir samband þar sem vegalengdin væri umfram 100 km væri tvöfalt hærri en þegar um væri að ræða vegalengd undir 50 km. Til að gæta samræmis við verðskrár Mílu gerði Míla ráð fyrir að 100 Gb/s Hraðbraut til gagnaversins við Blönduós yrði tvöfalt hærri en verð fyrir núverandi 100 Gb/s Hraðbraut.

21) Míla óskaði sérstaklega eftir að meðferð hjá PFS yrði hraðað eins og kostur væri þar sem starfsemi væri komin í gang í gagnaverinu.

22) Þann 20. september 2019 tilkynnti PFS Mílu að ekki væri hægt að samþykkja þessa viðbót við vöruframboð Mílu og verðskrá nema að undangengnu samráði við hagsmunaaðila.

23) Þann 23. september 2019 óskaði PFS eftir frekari útreikningum á kostnaði 100 Gb/s Hraðbrautarsambanda frá Mílu. Sama dag lagði Míla fram útreikninga á verðskrá fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd og eru það þeir útreikningar sem miðað er við í ákvörðun þessari.



6 Niðurstæða PFS

24) Í köflunum hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS vegna þeirrar beiðni frá Mílu sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning á verðum fyrir 100 Gb/s Hraðbrautasambönd.

6.1 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)

25) Í útreikningum Mílu er miðað við að vegið meðaltal fjármagnskostnaðar sé 6,9% þegar reiknuð er árgreiðsla fjárfestinga vegna þess viðbótarbúnaðar sem þarf við að bjóða 100 Gb/s Hraðbrautarsamband á Blönduósi.

26) Þetta er í samræmi við mat PFS á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar. Nánari útskýringar á þessu mati PFS má finna í Viðauka I.

6.2 Útreikningar á kostnaði 100 Gb/s Hraðbrauta

27) Útreikningar Mílu taka mið af niðurstöðum úr síðustu kostnaðargreiningu fyrir 100 Gb/s. Bætt er við kostnaði við búnaðinn, ljósleiðara, húsaleigu og öðrum kostnaði vegna uppsetningar á Blönduósi. Auk þess er gert ráð fyrir [...]. Til að taka tillit til mismunandi vegalengda reiknar Míla með sambandsígildum. Miðað er við að sambönd undir 50 km hafi stuðulinn 1 en sambönd yfir 100 km hafi stuðulinn 2 en það er í samræmi við þá stuðla sem notaðir hafa verið í útreikningum vegna Ethernetþjónustu. Heildarfjöldi ígilda verður því [...].

28) Í eftirfarandi töflu má sjá útreikninga Mílu á mánaðarverði fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd per ígildi:

	Úr kostnaðar- greiningu 2017	Viðbót	Samtals
Stofnverð fjárfestinga.....	[...]	[...]	[...]
Stofngjald.....	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]
Árgreiðsla fjárfestinga.....	[...]	[...]	[...]
Leiga á ljósleiðara.....	[...]	[...]	[...]
Ljósleiðari Blönduós-Gagnaver	[...]	[...]	[...]
Húsaleiga.....	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður.....	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]
Fjöldi lína.....	[...]		[...]
Leiguverð á ári	[...]		[...]
Leiguverð á mánuði.....	409.026		424.404

29) Við útreikninga á viðbótarkostnaði er miðar við 6,9% WACC þegar árgreiðsla af fjármagni sem bundið er í viðkomandi þjónustu er reiknuð.

30) Miðað við ofangreint er mánaðarverð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsamband < 50 km 424.404 kr. og mánaðarverðið fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsamband ≥ 100 km verður þá 848.808 kr.



31) Verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsamband til Keflavíkur mun því hækka lítillega.

6.3 Afstaða PFS

32) PFS hefur nú yfirfarið útreikninga Mílu vegna viðbótarkostnaðar út af uppsetningu á Hraðbrautarsambandi til gagnavers á Blönduósi. PFS gerir ekki athugasemdir við útreikninga Mílu á kostnaði vegna þessarar viðbótar við Hraðbrautarþjónustu Mílu.

33) Sú breyting á gjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautir að verð sé ekki lengur óháð vegalengd kemur til vegna eftirspurnar eftir þessari þjónustu af hálfu markaðsaðila. PFS samþykkir þá aðferð að miða við sömu vegalengdarstuðla og notaðir eru í útreikningum á gjaldskrá fyrir Ethernetsambönd.

34) Með vísan í 403. málsg. viðauka A við ákvörðun PFS nr. 21/2015 ber Mílu að tilkynna með 3 mánaða fyrirvara um nýja tengistaði. Mílu er því ekki heimilt að bjóða 100 Gb/s Hraðbrautarþjónustu á Blönduósi fyrr en að liðnum þessum 3 mánaða tilkynningarfresti.

35) Eins og kemur fram hér að framan skila ofangreindir útreikningar á kostnaði einnig hækkun á 100 Gb/s samböndum til Keflavíkur (undir 50 km). Hækkunin nemur tæpum 4%. Núverandi verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd byggja á kostnaði frá árinu 2016. Byggingavísitalan hefur hækkað um 6,6% frá 2016 til 2018 og vísitala neysliverðs hefur hækkað um 4,5% á sama tíma. PFS gerir því ekki athugasemd við þessa hækkun.

6.4 Niðurstaða um gjaldskrá fyrir Hraðbrautir

Í ljósi þess sem fram kemur hér að ofan samþykkir PFS beiðni Mílu um að verð fyrir 100 Gb/s Hraðbraut til Keflavíkur (undir 50 km) verði 424.404 kr./mán. og að verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautir til gagnavers á Blönduósi (yfir 100 km) verði 848.808 kr./mán.

Mánaðarverð fyrir 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd munu haldast óbreytt sem og stofngjaldið.

Eftirfarandi gjaldskrá mun því gilda fyrir Hraðbrautarsambönd:

Mánaðarverð fyrir Hraðbrautarsambönd

Gagnaflutnings- hraði	Mánaðarverð < 50 km (kr.)	Mánaðarverð ≥ 100 km (kr.)
1 Gb/s	63.791	-
10 Gb/s	105.830	-
100 Gb/s	424.404	848.808

Stofngjald verður áfram 107.000 kr. á tengingu.



Ákvörðunarorð

1) Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða verðútreikninga Mílu ehf. á 100 Gb/s Hraðbrautarsamböndum. Mánaðarleg leiguverð skulu vera eftirfarandi:

- 100 Gb/s Hraðbraut til Keflavíkur (undir 50 km): 424.404 kr. á mánuði.
- 100 Gb/s Hraðbraut til Blönduóss (yfir 100 km): 848.808 kr. á mánuði.

2) Framangreind verð eru án virðisaukaskatts.

3) Stofngjaldið og mánaðarverð fyrir 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd mun haldast óbreytt.

4) Með vísan til ákvörðunar PFS nr. 21/2015 skal Míla tilkynna með 3 mánaða fyrirvara um nýja tengistaði og er því ekki heimilt að bjóða 100 Gb/s Hraðbrautarþjónustu á Blönduósi fyrr en að liðnum 3 mánaða tilkynningarfresti. Míla sendi út tilkynningu í september sl. og mun þessi þjónusta vera í boði frá 1. janúar 2020 samkvæmt ofangreindum verðum.

5) Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur.

6) Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kærur til málsmeðferðar.

Reykjavík, 19. nóvember 2019

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC).

Viðauki II: Álit ESA.